

**Nr. 078 / 11 Þórir SF 77****Ásigling í höfn**

Skipaskr.nr. 2731  
Smíðaður: Taiwan 2009, stál  
Stærð: 383,2 bt.  
Mesta lengd: 28,88 m Skráð lengd: 26,3 m  
Breidd: 9,2 m Dýpt: 6,8 m  
Vél: Mitsubishi 523 kW, 2006  
Fjöldi skipverja: 10



Þórir©Guðmundur St. Valdimarsson

**Gögn:**

Gögn frá skipi  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 4. júní 2011 var Þórir SF 77 á skemmtisiglingu með farþega um nágrenni Hornafjarðarhafnar. Veður: SSV 5-6 m/s.

Þegar skipið var í innsiglingunni að höfninni stöðvaðist aðalvélin en skipstjóri beitti strax bógskrúfu og náði að beina stefnunni fram fyrir stefni Jónu Eðvalds SF 200 sem lá við bryggju. Þrátt fyrir það rakst skipið utan í Jónu Eðvalds SF sem kastaðist frá bryggjunni og landfestartóg slitnaði. Smávægilegar dældir og rispur komu á bóg og stefni beggja skipanna.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipstjóri sagði að skoðunar- og kynnisferðir á sjómannadagshelginni sé hefðbundinn viðburður sem almennigur sækti mikið í. Alltaf er valið ákjósanlegt sjávarfall og ekki er farið nema í góður veðri og sjólagi. Það hafi þurft að fara svona ferð á 17. júní ef veðuraðstæður leyfðu það ekki á sjómannadagshelginni. Brúin hefur mikið aðdráttarafl í siglingum sem þessum;
- að margir farþegar voru í brúnni en skipstjóri stjórnaði skipinu frá stjórnborði fyrir miðri brú en þau eru þrjú í brúnni;
- að fljótlega kom fram að vélin hafði stöðvast fyrir tilstilli neyðarstöðvunar í brú. Einn neyðarstöðvunarrofi fyrir aðalvél er í brúnni og er hann staðsettur í stjórnborði við afturglugga brúar.
- að hægt er að stjórna skipinu í stjórnborðið í afturkanti brúar eins og í öðrum stjórnborðum í brúnni. Þar eru enn fremur stjórnstangir fyrir vindur

skipsins. Neyðarhnappur aðalvélar er sérstaklega merktur sem slíkur og er plastlok yfir honum sem lyfta þarf upp til að til að komast að honum. Hann er ofan við stjórnun vélar og skrúfu. En neðan við skrúfu og vélarstjórn eru þrír rofar, tveir þeirra eru fyrir kúplingu (af eða á) og „virknirofi“ sem virkjar borðið þ.e.a.s. þegar stutt er á rofann þá verður stjórnborðið virkt. Yfir viðkvæmasta hluta borðsins var breytt klæði til að hindra frjálsa aðkomu að þeim;

- að þegar stjórnborð er virkjað tekur það yfir stjórnun skipsins. Skrúfuskurður aðlagast þeirri stöðu sem er í borðinu og þarf því stjórnandi að aðgæta að skurður sé réttur áður en borðið er virkjað. Stýrisskipanir eru óbreyttar fyrri stöðu þar til stjórnandi breytir þeim í stjórnborðinu.
- að skipstjóri sagði að tveir möguleikar væru í stöðunni til að fyrirbyggja svona atvik. Annað hvort að loka brúnni fyrir gestum eða setja vaktmenn á þá staði í brúnni sem ekki má fíka. Vaktmennirnir gætu þá einnig lýst fyrir gestum hvað þeir eru að horfa á og hvernig búnaðurinn virkar;
- að talið var að barn hafi stungið hendi undir klæðið á borðinu án þess að nokkur tæki eftir því, lyft upp plastlokinu og stutt á „neyðarstöðvun vélar“;
- að skipstjóri benti á að eftir svipaða ferð um borð í Skinney SF 20 hafi verið búið að breyta nær öllum stillingum í stjórnborðum sem ekki voru í notkun. Þess vegna var breytt klæði yfir viðkvæmustu stjórnæki á afturkanti brúarinnar í þessari ferð Þóris SF.

### ***Nefndarálit:***

Orsök óhappsins var að vélin var stöðvuð með neyðarrofa í brú.

Nefndi bendir skipstjórum skipa sem eru með farþega í brú að það sé skylda þeirra að verja stjórnæki í brú.